



# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

I. tbl. 2007, - 17. árg.  
Janúar 2007

Félag Íslendinga í Luxembourg a.s.b.l.

# Þorralót

Haldið 10. febrúar 2007 á Alvisse Parc Hotel

120 route d'Echternach í Dommeldange

## Dagskrá

- 18:00 Fordrykkur
- 19:00 Ávarp formanns FÍL
- 19:10 Leikklúbburinn Spuni tekur við veislustjórn og verður með óvæntar upptækur þar til dansleikur hefst
- 19:15 Borðhald hefst  
Luxarakokkurinn Vilhjálmur Axelsson sér um þorramatinn og annað góðgæti
- Dregið í happdrætti FÍL
- 23:00 Hljóm sveitin **Sólon** leikur fyrir dansi
- 03:00 Lok dansleiks



## Hótelgisting

Hótelíð hefur verið að endurnýja bæði herbergi og salernisaðstöðu og lítur allt mun betur út en áður.

Sérstakt tilboð verður á hótélherbergjum fyrir þá sem vilja gista á hótelinu. Tekin hafa verið frá 20 herbergi og er morgunverðarhlaðborð innifalið í verðinu.

€ 75 fyrir einstaklingsherbergi (single)  
 € 100 fyrir tveggja manna herbergi (double/Twin room)

Þeir sem vilja þanta gistingu hafi samband beint við hótelið.

Alvisse Parc Hotel  
 Tel: 352-43 56 43 81 03  
 Fax: 352-26 43 12 05  
 E-mail: events@parc-hotel.lu  
 www.parc-hotel.lu

## Miðaverð í forsölu

€ 75 fyrir félagsmenn  
 € 95 fyrir utanfélagsmenn  
 € 55 fyrir 25 ára og yngri

Miðaverð við inngang € 95, meðan húsrúm leyfir.

Dansleikur (eftir kl. 23:00) € 30

Pantið miða og bókið borð á [www.islandus.net](http://www.islandus.net) eða hringið í eftirfarandi:

Matthildur 621 142 060  
 Guðbjörg 691 637 888  
 Óskar 691 348 737  
 Ingvi 621 295 185  
 Ólafur 621 365 895  
 Birna 621 375 875

Bókað verður á átta manna hringborð, vinsamlegast takið fram hverjir eiga að sitja við borðið og á hvaða nafni borðið er þantað.

Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir tvíbókanir.

Miða er hægt að greiða og sækja hjá stjórnarmeðlimum.

Stjórn FÍL

## Í þessu blaði:

Þorralót FÍL	1
Jólaballið 2006	2
Hátíðarguðsþjónustan	2
Nýr diskur frá Kalla	2
Íslenskuskólinn	2
Leikklúbburinn Spuni	2
New World Theater	2
Ráðagóðahornið	3
Heimilishornið	3
Feng Shui	3
Brandarahornið	3
Börn og málsþættir	3
Litlu dálkarnir	4



## Á döfinni:

- Íslenskukennsla
- Spuni, æfingar að hefjast
- Þorralót FÍL
- New World Theater

Íslenskuskólinn hófst 16. janúar 2007 í Godbrange og í  
 Internationalskólanum 17. janúar 2007.

Stjórn FÍL



## Jólaballið 2006

Jólaball Félags Íslendinga í Luxembourg var haldið þann 17. desember 2006 í Arizona Lounge í Contern.

Áætlað er að um 220 manns hafi sótt jólaballið í ár.

Þrír jólasveinar mættu með fulla poka af góðgæti fyrir börnin.

Boðið var upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, kaffi og meðlæti.



Kaffiborðið á jólaballinu 2005 var stórglæsilegt, en núna gjörsamlega fylltist kaffiborðið svo ekki var hægt að koma einni kleinu á borðið í viðbót. Hver fjölskyldan á fætur annarri kom með frábærliga útbúnar veitingar og allt var svo mikið gott, enda tók fólk vel til matar síns.



Sérstakar þakkir til Sigrúnar og Kristínar sem stóðu vaktina í eldhúsinu og komu besta súkkulaði í heimi á veisluborðið.



Starfsfólk og eigendur Arizona Lounge, jólasveinar, fjölskyldur sem komu með veitingar ásamt öllum þeim sem komu að undirbúningi og frágangi jólaballsins, kærar þakkir.

Stjórn FÍL

## Hátíðarguðsþjónusta

Hátíðarguðsþjónusta var í kirkju Mótmælenda í Luxembourg á Þorláksmessu. Sr. Sigurður Arnarson, prédikaði og þjónaði fyrir altari.



Robin Walker, organisti Íslenska safnaðarins í Lundúnum lék á orgel og Gísli Magnason, kórstjóri Íslenska kórsins í Lundúnum stjórnaði kórsöng sem samanstóð af söngfólki frá Íslandi, London og Luxembourg.



Takið frá fyrirhugaðar dagsetningar á árinu 2007 fyrir guðsþjónustur:

23. mars 2007	kl. 14:00
13. maí 2007	kl. 14:00
7. okt. 2007	kl. 14:00

Kirkjunefndin

## Leikklúbburinn Spuni

Leikklúbburinn Spuni er að hefja æfingar fyrir verkefni vetrarins.

Hress hópur, flott samvinna, enga reynslu þarf, áhugi er allt sem óskað er eftir.

Áhugasamir hafi samband við einhverja neðangreinda.

Bryndís, sími 341 882  
Stella, sími 357 064  
Íris, sími 780 510

Eða senda e-mail á [iristhorkels@yahoo.co.uk](mailto:iristhorkels@yahoo.co.uk)

Stjórn Spuna



## Nýr diskur frá Kalla



Kalli (sem var með tónleika á kvenna-kvöldi í Luxembourg í desember 2004) hefur gefið út gesiladiskinn "While the city sleeps."

Hægt er að hlusta á nokkur lög á disknum á [www.myspace.com/kallimusic](http://www.myspace.com/kallimusic)

Þetta er tónlist á ljúfum nótum, lög og textar frá Kalla. Smekkleysa gefur diskinn út.

Kalli fer til Bandaríkjanna fljótlega til að kynna diskinn. Ef áhugi er fyrir hendi í Luxembourg að fá Kalla til tónleikahalds þá mun það verða skoðað.

Í Luxembourg er diskurinn til sölu hjá Þóru í síma 621 501 117.

## Íslenskuskólinn

Íslenskuskólinn hóf stafsemi sína 16. janúar í Godbrange og í Internationalskólanum 17. janúar.

Á vorönn verður kennt eftirfarandi daga:

**Godbrange** á þriðjudögum kl. 13:30 - 15:30

16. janúar 2007	13. mars 2007
23. janúar 2007	20. mars 2007
30. janúar 2007	27. mars 2007
6. mars 2007	

Kennarar:

Heiða Ingimundardóttir, sími 691 757 767

E-mail [hei5@hi.is](mailto:hei5@hi.is)

Elsa D. Kjartansdóttir, sími 621 275 779

E-mail [edk3@hi.is](mailto:edk3@hi.is)

**Internationalskólinn** á miðvikudögum:

Yngri hópur kl. 14:30 - 15:30 og eldri hópur kl. 15:30 - 16:30, kennt er í stofu 008.

Kennari: Dagný Broddadóttir, sími 621 541 292

Netfang: [dagny@vma.is](mailto:dagny@vma.is)

17. janúar 2007	14. mars 2007
24. janúar 2007	21. mars 2007
31. janúar 2007	28. mars 2007
7. mars 2007	

Kennslan er veitt börnum félagsmanna þeim að kostnaðarlausu.

Stjórn FÍL

## Ástin og börnin

Mér finnst voða gaman að horfa á ástina, bara ekki á meðan Birta og Bárður eru. Ég vil frekar horfa á þau."

Helga 7. ára

(Til útskýringar þá eru Birta og Bárður persónur í Stundinni okkar á Íslandi)



## Ráðagóðahornið

### Skærin bitlaus

Ef skærin eru orðin bitlaus er hægt að skerpa þau með því að klippa álpappír eða sandpappír með þeim.

Notið einnig á nálar í saumavélum, saumið nokkrum sinnum yfir sandpappírinn á sex mánaða fresti og nálarnar ættu að endast von úr viti.

### Eru tölurnar að detta af flikunum?

Prófið að nota tannþráð til að sauma tölurnar aftur á flikina. Tannþráðurinn endist mun betur en venjulegur bómullarþráður.

### Afgangs borðvín

Nýtið vínafganga og frystið í ísmolapokum eða bökkum, notið svo til að bragðbæta sósur og aðra rétti.

### Flísarnar finar á ný

Besta leiðin til að hreinsa fitugar flísar t.d. á bak við eldavélina, í eldhúsinu eða í baðherberginu, er að strá lyftidufti í rakan svamp. Það leysir fituna upp og gleypir hana í sig. Einnig er gott að bleyta tusku með sítrónusafa og strjúka yfir fitusprengrar flísar.

Fúguna má hreinsa burt með því að blanda saman ediki, lyftidufti og sítrónusafa. Berið á með gömlum tannbursta, látið vera í tvær stundir og hreinsið svo af.

Til að ná kalki af flísum inni á baði er mælt með því að skrúbba þær vel með hvítvínseðiki en einnig er ráð að prófa að nota gamalt staðið kók.

*Ritstjóri og ýmsar heimildir*

## Feng Shui

Á heimasíðu Hugforms ehf., er að finna gagnlegar upplýsingar ef fólk vill fylgja Feng Shui-stefnunni heima hjá sér. Meðal þess sem þar er að finna er skilgreining á því hvað drasl og óreiða er.

Gamalt dót sem þú notar ekki lengur  
Hlutir sem þér þykir ekki vænt um  
Gömul föt sem þú ert hættur að nota  
Gamlar bækur sem þú notar ekki lengur  
Óreiða í eigin huga, neikvæðar tilfinningar  
Drasl kallar á meira drasl

Það kannast kannski flestir við að eiga eitthvað slíkt í handraðanum. Meira fróðlegt á síðunni <http://www.isholf.is/hugform/index.html>

## Ljóska og umferðin

Lögga stoppaði ljóskuna sem ók á móti umferðinni á einstefnugötu.

Löggan: "Sástu ekki örvarnar?"

Ljóska: "Ég sá ekki einu sinni Indjánana."

## Heimilishornið

**Límónuleginn fiskur með kókos og ananas**  
500 g fiskflök, t.d. rauðsprettá, ýsa, þorskur

### Límónulögur

rauðlaukur  
hvítlausrif  
safi úr 5 límónum  
1 tsk salt  
1 tsk pipar

### Salat

tómatar  
sneiðar nýr ananas  
smá rauðsalat og jöklasalat  
safi úr ½ appelsínu

### Til að strá yfir

rifinn, nýr kókos

Skerið fiskflökin í þunnar sneiðar. Afhýðið lauk og hvítlauk og finsaxið. Setjið fiskinn í glerskál. Blandið lögin og hellið honum yfir fiskinn. Breiðið yfir og látið liggja í 3 tíma í kælskápnun.

Afhýðið ananassneiðarnar og fjarlægjið harða kjarnann. Skerið tómata og ananas í teninga.

**Berið fram:** Þar sem magn er ekki tekið fram, þá fer það eftir smekk hvers og eins. Setjið smá af salat í 4 skálar. Skiptið fisknum á skálar, ásamt tómötum og ananas. Dreypið ögn af leginum og appelsínusafa yfir og stráðið kókos yfir. Borðið tortillas með. Uppskriftin miðast við fjóra.

**Ábending:** Finsaxað rautt chili fer vel með þessum rétti. Stráðið því yfir í lokin.

### Hugmynd af eftirrétti eftir fiskinn.

### Grilluð nektarína með engiferblöndu

nektarínur  
engiferkökur  
25 gr smjör  
2 msk fljótandi hunang  
mjög fint saxaður börkur og safi úr einni appelsínu  
200 gr rjómasmurostur (Philadelphia)  
2 msk sykur

Hitið ofninn í 180 gr C. Skerið nektarínur (einnig er gott að nota ferskjur) til helminga og fjarlægjið steininn. Raðið hálfum nektarínunum í eldfast fat með skurðflötunum upp. Setjið kökurnar í plastpoka og myljið með buffhamri eða kökukefli. Bræðið smjórið í potti yfir lágum hita og setjið kökumulninginn út í. Bætið hunanginu síðan út í og hrærið vel saman. Skiptið blöndunni ofan á nektarínurnar. Kreistið appelsínusafann yfir þær og bakið í ofni í 20 mínútur. Rjómaosturinn er settur í skál og appelsínubörkur og sykri hrært vel saman við hann. Berið nektarínurnar fram heitar með rjómaostinum.

## Bílastæðisgjöld greidd með SMS

Nú er hægt að greiða bílastæðisgjöld í Luxembourg með SMS.

Nánari upplýsingar í Hotline síma 47 96 - 44 99 og á [www.call2park.lu](http://www.call2park.lu)



## Ástin og börnin

Hvað gerir fólk á stefnumótum?

Á stefnumótum á að vera gaman því fólk er að kynast hvort öðru. Meira að segja strákar geta haft eitthvað að segja ef maður bara hlustar nógu lengi.

*Lisa, 8 ára*

## Vefsíða - London

Fyrir þá fjölmörgu sem eiga leið um London, Manchester, Glasgow og jafnvel Birmingham þá er gott að kíkja á vefsíðuna [www.toptable.co.uk](http://www.toptable.co.uk)

Þar er hægt að finna veitingahús, lesa umsagnir gesta, sjá sýnishorn af matseðlum, bera saman verð, skoða myndir af veitingasölunum og auðvitað panta borð.

Hægt er að skoða veitingahús bæði eftir matargerðarstíl og öðrum flokkum allt eftir því eftir hverju er leitað.

Forsíðan sýnir hvaða veitingastaðir eru vinsælastir og hverjir hafa fengið bestu umsögn síðustu daga. Hægt er að skrá sig á póstlista og nýta sér þau tilboð sem í boði eru hverju sinni.

## Brandarahornið

Einu sinni var stúlka sem tók að sér að passa lítinn dreng fyrir konu.

Hún fór með hann á leikvöllinn en þegar hún kom aftur heim hrópaði konan upp yfir sig skjálfaði röddu: "Þetta er alls ekki barnið mitt, hvað hefurðu gert við drenginn?"

"Ég veit," svaraði barnapían, "en þú sagðir mér að skipta bara á honum ef hann yrði óhreininn!"



## Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg  
12 enner der Haerdchen  
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri  
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður  
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000  
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

# BRÚIN

[www.islandus.net](http://www.islandus.net)

## Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	2670 1540,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigþórsson, varamaður,	2694 5006,	691 348 737	oskars@islandus.net

## Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 275 779	edk3@hi.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

## Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183
Sigurður Kristinsson		787 710

## Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

## Stjórn Íslandsdeildar Bazar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006

## Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

## Litlu dálkarnir

### Smáauglýsingar

#### Til sölu

##### Íslenskar dagbækur

Björg Gunnsteinsdóttir hefur að venju til sölu góðar íslenskar dagbækur, nú fyrir árið 2007. Upplýsingar í sínum 787 312 og 691 654 617.

##### Íslenskur fiskur o.fl.

Hægt er að panta á netfanginu [icekost@t-online.de](mailto:icekost@t-online.de) eða í síma +49 178 9055 862.

#### Pels

Flottur minkapels til sölu, áður auglýstur í desember Brú. Upplýsingar veittar í síma 455 721.

#### Geisladiskur Þórunnar Egils

Þórunn Egils gefur Íslendingum gott verð á nýja geisladisknum "The Moment In Between." Upplýsingar í síma 691 637 888.

#### Breyting á Gsm númerum

Öll Gsm númer í Luxembourg munu breytast í 621, 661 eða 691 frá 1. febrúar 2007.

#### Símaskrá

##### Nýjir meðlimir

Inga Hrefna Kristjánsdóttir  
8 rue Hondsbreck  
L-5835 ALZINGEN  
Gsm 691 598 598  
E-mail [ingahrefn@hotmail.com](mailto:ingahrefn@hotmail.com)

##### Breytingar

Aðalsteinn Maack  
17-19 am Bongert  
L-5413 CANACH

Ásgeir Guðmundsson  
17-19 am Bongert  
L-5413 CANACH  
Sími 26 660 174  
Gsm 621 235 578  
E-mail [asgeir747@hotmail.com](mailto:asgeir747@hotmail.com)

Berglind Friðriks  
19 rue de Rodenbourg  
L-6165 ERNSTER  
Sími 350 233  
Fax 26 350 166  
Email [b.fridriks@gms.lu](mailto:b.fridriks@gms.lu)

Eggert Hilmarsson  
Elín G. Egilsson  
57 op der Tonn  
L-6188 GONDERANGE

Egill Reynisson  
Vala Björg Arnardóttir  
3 rue Dr Felix Worré  
L-6942 NIEDERANVEN

Erlingur Gunnarsson  
17-19 am Bongert  
L-5413 CANACH  
Sími 26 701 180  
Gsm 621 372 575

Þorsteinn Elton Jónsson  
Maryse Wagner  
5 op den Aessen  
L-7274 WALFERDANGE

#### Tilkynningar

##### Fæðingar

Kristín Pétursdóttir og Sveinn Garðar Helgason eignuðust dótturina Karenu Sveindísi þann 16. desember síðastliðinn. Hún var 16 merkur og 50,5 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Ingunn Á. Guðmundsdóttir og Óskar Bragi Sigþórsson eignuðust dótturina Mariu Rut þann 18. desember síðastliðinn. Hún var 16 merkur og 51 cm. Við óskum þeim til hamingju.

#### Óskilamunir frá jólaballi

Kökudiskur, lítill diskur, gaffall. Svartur BabyGap sokkur. Upplýsingar í síma 365 163.

#### Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

#### Áhugaverðar heimasíður

**Luxembourg**  
[www.adclux.info](http://www.adclux.info)  
[www.e-ticket.lu](http://www.e-ticket.lu)  
[www.luxembourgticket.lu](http://www.luxembourgticket.lu)  
[www.poppconcerts.de](http://www.poppconcerts.de)  
[www.rbenedikta.com](http://www.rbenedikta.com)  
[www.show.lu](http://www.show.lu)  
[www.topsquash.lu](http://www.topsquash.lu)  
[www.thorunn.lu](http://www.thorunn.lu)  
**Belgia**  
[www.sportpaleis.be](http://www.sportpaleis.be)  
[www.botanique.be](http://www.botanique.be)  
[www.forestnational.be](http://www.forestnational.be)  
[www.ancienne-belgique.be](http://www.ancienne-belgique.be)  
**Víðar**  
[www.easybycoach.com](http://www.easybycoach.com)

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málsþætti, skoðum nánar;

"Betra er langlífi en harðlífi."